

**Samkomulag um framlengingu kjarasamnings  
milli  
Samtaka atvinnulífsins (SA) vegna Rio Tinto á Íslandi hf. (ISAL) annars vegar  
og  
FIT – félag iðn- og tæknigreina, Félag rafeindavirkja, Félag íslenskra rafvirkja og VM –  
félag vélstjóra og málm-tæknimanna hins vegar**

**1. gr.**

**Samningstími**

Síðastgildandi kjarasamningur aðila framlengist til 31. maí 2021 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samningi þessum felast og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

**2. gr.**

**Launabreytingar**

Launaflokkur	1.6.2020
11	320.714
12/121	354.389
122	388.064
13	391.600
14	405.306
15	425.571
16	442.594

Vegna breytinga á launatöflu sem tók gildi þann 1. júní 2020 verða öll laun þeirra sem eru við störf 1. október 2020 uppreiknuð miðað við nýja töflu frá 1. júní 2020 til 31. október 2020.

Starfsmenn sem þiggja laun þann 1. nóvember 2020 samkvæmt flýttum starfslokum fá breytingu á launum sínum frá og með 1. nóvember 2020.

Fatapeningar, ónæðisálag og greiðsla fyrir slökkvilið mun í þessum samningi hækka um 2,5% frá 1. júní 2020.

**3. gr.**

**Orlofs- og desemberuppbót**

Grein 3.1.4 hljóði svo:

Starfsmaður sem í apríllok hefur unnið samfleytt hjá ISAL í eitt ár eða lengur skal fá greidda orlofsuppbót og starfsmaður sem í nóvemberlok hefur unnið samfleytt hjá ISAL í eitt ár eða lengur skal fá greidda desemberuppbót. *Orlofs- og desemberuppbót skal nema hálfum byrjunarlaunum 14 launaflokks að viðbættu 2ja ára sveinsbréfsálagi og ferðapeningum.*

Orlofsuppbótin kemur til greiðslu með maílaunum og desemberuppbótin með nóvemberlaunum. Starfsmenn með skemmri starfstíma og þeir sem ráðnir eru í hlutastarf fá hlutfallslegar greiðslur að undanskildum þeim sem starfa samkvæmt fylgiskjali (19) sjá lið 6.2.

Starfsmenn sem unnið hafa hjá fyrirtækinu samfleytt í 20 vikur eða lengur og hætta störfum áður en til greiðslu kemur samkvæmt þessum lið skulu fá hlutfallslegar greiðslur.

Bls. 1 af 3

AKG GP. KFS  
AKP

4. gr.  
Afgreiðsla kjarasamningsins

Tilkynna skal um afgreiðslu kjarasamningsins fyrir kl. 12:00 þann 24. nóvember 2020.

Reykjavík, 21. október 2020

F.h. SA vegna Rio Tinto (ÍSAL)

Caesar Caardarsson  
Alfred - Svein  
Jacobine Jónsd.  
Adriana Petrusd.

Reykjavík, 29. október 2020

F.h. FIT – félags iðn- og tæknigreina

Hilmar Hilmarsson  
Geirtr. Páttel.  
Þessi Þorgerður Eiríksdóttir

F.h. Félags rafeindavirkja og  
Félags íslenskra rafvirkja

Kristín Þórunn Smeig  
Guðm. Helgi Jónsson  
Hilmar Hilmarsson  
Adalsteinn Bragason  
Axel Kristinn Gunnarsson

F.h. VM – félags velstjóra- og  
málmtæknimanna

Guðm. Helgi Jónsson  
Guðm. Gunnarsson  
Brynjólfur  
Róbert Róbertsson

## Bókun vegna vinnutímastyttingar

Á samningstímanum munu aðilar greina vinnutíma starfsmanna og leggja drög að útfærslu vinnutíma sem felur í sér að virkur vinnutími starfsmanna ISAL verði sá sami og samið hefur verið um á almennum markaði í hverri starfsgrein. Hefja skal þessa vinnu eigi síðar en 1. febrúar 2021 og við það miðað að niðurstaða um útfærslur liggi fyrir í síðasta lagi 1. maí 2021 og vinnutímastyttingin taki gildi í upphafi næsta samningstímabils.

AKG  
KB  
GS.  
RE  
AKP  
SP.  
Hósti  
2/21  
AKP  
AB  
2/21

